

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Hveragerðisbæ.

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 9. maí 2019 eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

*Breyting á deiliskipulagi miðbæjarsvæðis.*

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Hverasvæðinu, Bláskógum, Hverahlíð, lystigarðinum Fossflöt, Reykjamörk, Fljótsmörk og lóðunum Breiðumörk 23 og Hveramörk 12. Breytingarsvæðið nær til lóða austan Breiðumerkur og lóðarinnar Breiðamörk 25. Deiliskipulagsbreytingin felur m.a. í sér stækkun á deiliskipulagssvæðinu, lokun Skólamerkur og nýja og breytta byggingarreiði.

*Breyting á deiliskipulagi lystigarðsins Fossflöt.*

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Skólamörk, Breiðumörk, Reykjamörk og Varmá. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á deiliskipulagsmörkum svæðisins og nýjar gönguleiðir næst grunnskólanum.

*Breyting á deiliskipulagi athafnasvæðis við Vorsabæ, sunnan Suðurlandsveggar.*

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af landinu Öxnalæk, fyrirhuguðum tengivegi, helgunarsvæði Búrfellslínu 2 og lóð skólphreinsistöðvar Hveragerðisbæjar. Deiliskipulagsbreytingin felur m.a. í sér stækkun athafnasvæðisins til suðvesturs, nýja aðkomuleið að Öxnalæk og breytingar á legu göngu-, hjóla- og reiðstíga.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa hlotið meðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 18. júní 2019.*

**Guðmundur F. Baldursson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2019